

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi í Ísafjarðarbæ.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlun:

Suðureyrarmalir, breyting á deiliskipulagi.

Breytingin felur í sér að landnotkun Skólagötu 8 og 10 er breytt úr íbúðarlóðum í lóðir fyrir blandaða starfsemi. Eins eru lóðirnar, ásamt lóð við A-stíg 1, sameinaðar í eina og einn byggingarreitir er á nýju lóðinni. Byggingarmagn á reitnum breytist ekki.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Ísafirði, 11. janúar 2021.

Heiða Jack skipulagsfulltrúi.

B-deild – Útgáfud.: 26. janúar 2021